

Netfréttir

Í hverjum mánuði birtast greinar í dagblöðum sem minna á afmælisár Biblíufélagsins og á mikilvægi Biblíunnar. Hægt er að lesa greinarnar á heimasíðu biblíufélagsins. Á kristilegu útvarpsstöðinni Lindin voru fluttir þættir í tilefni afmælisársins, Dögg Harðardóttir varaforseti félagsins og eiginmaður hennar Fjalar Freyr Einarsson sáu um þátt á Lindinni og fengu gesti í heimsókn meðal annars framkvæmdastjóra Biblíufélagsins. Einar Aron Fjalarsson, Hreinn Pálsson og Pétur Ragnhildarson höfðu einnig umsjón með umræðuþætti um Biblíuna.

Margir viðburðir hafa verið á vegum kirkna í tilefni afmælisársins. Þar má meðal annars nefna að skemmtileg Biblíu-kvikmyndavika var haldin í Bústaðakirkju, fræðslumorgnarnar voru í Seltjarnarneskirkju í febrúar og í mars, þar sem listafólk og rithöfundar tengdu list sína við Biblíuna og boðskap hennar, fræðslukvöld voru haldin í Glerárkirkju, í Laugarneskirkju voru fræðsluerindi um Biblíuna, prestar settu upp Biblíublogg og fleira. Biblíufélagið gladdist mjög yfir þessu framtaki kirkna víðs vegar um landið og hvetur sóknir og söfnuði að halda áfram að kynna Biblíuna, allt afmælisárið.

Hugvísindapening 2015 var haldið 13.-14. mars. Þar var boðið upp á tvær málstofur um áhrifasögu Biblíunnar í tilefni af afmælisári Biblíufélagsins. Þar var fjallað um áhrif, notkun og túlkun Biblíunnar á ýmsum sviðum bókmennta og lista, svo sem ljóðlistar, tónlistar og kvikmynda.

13. mars var haldin málstofa um efnið:

Úr sögu biblíuþýðinga og biblíuskilnings

Í ár eru liðin 200 ár frá stofnun Hins íslenska biblíufélags, elsta starfandi félags í landinu. Af því tilefni verður í þessari málstofu fjallað um ýmsa þætti úr langri sögu íslenskra biblíuþýðinga. Þar koma við sögu tveir af elstu þýðendum Oddur Gottskálksson og Guðrbandur Þorláksson sem og skoski trúboðinn Ebenezer Henerson sem beitti sér fyrir stofnun Hins íslenska biblíufélags 1815 og loks er fjallað um biblíuskilnings Danas Grundtvigs sem hafði umtalsverð áhrif á íslenska menntamenn.

Fyrirlesarar og erindi fluttu:

- Einar Sigurbjörnsson, prófessor emerítus í guðfræði: *Ritningarskilningur Grundtvigs*
- Guðrún Kvaran, prófessor emeríta og fyrrverandi stofustjóri hjá Árnastofnun: *Líkt og ólíkt í Nýja testamentunum 1540 og 1584*
- Sigurður Pálsson, fyrrverandi sóknarprestur í Hallgrímskirkju: *Ebenezer Henderson og stofnun Hins íslenska biblíufélags*

Málstofustjóri var Ragnhildur Ásgeirsdóttir, framkvæmdastjóri HÍB

Laugardaginn 14. mars var síðan erindi um **Áhrifasögu Biblíunnar** en þar fluttu erindi:

- Gunnlaugur A. Jónsson prófessor: „*Eins og hindin ...*“. *Af áhrifasögu Slm 42-43 í ýmsum listgreinum*
- Haraldur Hreinsson doktorsnemi: *Örvænting og upprisulíkami í The Walking Dead*
- Rúnar Þorsteinsson lektor: „*666. The Number of the Beast*“. *Iron Maiden og Biblían*
- Málstofustjóri: Ragnhildur Ásgeirsdóttir, framkvæmdastjóri Hins íslenska biblíufélags

Aðalfundur Biblíufélagsins var haldinn fimmtudaginn 19. mars í Áskirkju. Þar frumflutti tónlistarmaðurinn Ívar Halldórsson lag sem hann samdi í tilefni af afmælisári Biblíufélagsins. Undirritaður var samingur við JPV- Forlagið til ársins 2017. Jóhann Páll Valdimarsson ávarpaði fundinn. Guðni Einarsson og Stefán Einar Stefánsson voru endurkjörnir í stjórn félagsins til fjögurra ára.

Stjórnarmenn og framkvæmdastjóri farið í kirkjur og víðar og kynnt starf félagsins. Einnig hafa fulltrúar ungra félagsmanna í HÍB kynnt félagið í unglingastarfi víðs vegar í kirkjum og kristnum söfnuðum. Rúmlega 200 nýir félagsmenn hafa bæst við hópinn á liðnu starfsári en um 40 sagt sig úr félaginu, aðallega eldra fólk sem komið er á hjúkrunarstofnanir.

Stjórn Biblíufélagsins hvetur sóknir og söfnuði til að færa fermingarbörnum og unglingum kirkna Biblíur að gjöf. Biblíufélagið hefur fengið upplýsingar um að tæplega 15 kirkjur afhendi sínum fermingarbörnum Biblíur í fermingargjöf frá kirkjunni sinni.

Á Pálmasunnudag verður stillt upp barnabiblíum á Borgarbókasafni og þar mun Biblíufélagið annast fræðslu fyrir börn um dymbilviku og páska. Auk framkvæmdastjóra mun Hreinn Pálsson og Pétur Ragnhildarson annast fræðsluna. Brúðan Viktor kemur í heimsókn og sungin verða sunnudagaskólalög.